



Bæjarráð Akraneskaupstaðar

Akranes, 28. júní 2017

PHJ

Efni: *Rekstrarniðurstaða samstæðureiknings á tímabilinu janúar til lok mars mánaðar 2017*

A-hluti

Rekstrarreikningur

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð og nam 112,1 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir jákvæðri afkomu. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði nam 104 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 133,1 m.kr. Helsta ástæða fráviks er sú að launagjöld án lífeyrisskuldbindinga var 48,6 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir eða 6,2% umfram áætlun.

Launagjöld án lífeyrisskuldbindinga er ekki að hækka svona mikið í raun, bókhaldskerfið hjá okkur er í sumum tilvikum ekki að reikna áfallið orlof á réttan hátt á hverju tímabili fyrir sig en við erum að skoða af hverju það gerist. Fljótt á litið virðist áfallið orlof vera ofmetið á tímabilinu um rúmlega 17,8 m.kr. Jafnframt er hluti af þessum aukna kostnaði tilkominn vegna námsleyfa sem og laun og yfirvinna lausráðinna starfsmanna sökum veikinda hjá fastráðnum starfsmönnum.

Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs voru 9,6 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir sem og aðrar tekjur sem voru rúmum 15,5 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir og unnu þessir liðir því á móti áhrifum hækkun launakostnaðar án lífeyrisskuldbindinga.

Heilt yfir voru tekjur A- hluta rúmum 22,5 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur 1,5%. Heildargjöld, án afskrifta og fjármagnsliða, sama tímabils voru tæpum 49 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur 3,7%. Þar munaði mest um launagjöld án lífeyrisskuldbindinga sem nam 48,6 m.kr. umfram það er gert var ráð eins og fjallað hefur verið um hér að ofan. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því 21,9% undir því er áætlanir gerðu ráð fyrir en mun batna þegar áfallið orlof hefur verið leiðrétt. Framlegðarhlutfall A-hluta (EBITDA framlegð) nam því 9,8% en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 11,7%.



Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins námu 4.555,7 m.kr. og lækka því um 17,2 m.kr. frá árslokum 2016, þar af lækkar bókfært virði gatnakerfis um 7,7 m.kr. og vélar, áhöld og tæki um 6,1 m.kr.

Áhættufjármunir og langtímakröfur námu kr. 6.023,8 m.kr. í lok tímabilsins og hækka því um 74,1 m.kr. frá árslokum 2016. Þar munar mest um að næsta árs afborgun á eigin fyrirtæki en sú afborgun nam kr. 78,8 m.kr. í árslok 2016.

Fastafjármunir í lok tímabilsins nema því samtals 10.579,5 m.kr. og hækka um 56,8 m.kr. frá árslokum 2016.

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema 807,1 m.kr. en námu 667,6 m.kr. í árslok 2016 og hækka því um 139,5 m.kr. Helsta ástæða þess er sú að aðrar skammtímakröfur hækka um 213,5 m.kr. en næsta árs afborgun eigin fyrirtækja lækka um 78,8 m.kr. Þarna á eftir að bakfæra 125,7 m.kr. til að leiðrétta áfallið orlof á árinu en það er gert 1.apríl í bókhaldskerfi okkar. Raun hækkun skammtímakrafna nema því 13,7 m.kr.

Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 1.798,4 m.kr. og hækka því um 130,8 m.kr. frá árslokum 2016. Þarna á einnig eftir að bakfæra áfallið orlof og nemur raun hækkun veltufjármuna því 5 m.kr.

Bókfært virði eigna í lok tímabils nema 12.378 m.kr. og hækka því um rúmar 187,6 m.kr. frá árslokum 2016.

Veltufjárhlutfall A-hluta í lok tímabils nemur 1,8 og er A-hlutinn því vel hæfur til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu 12 mánuðum. Eiginfjárhlutfall A-hluta nemur 55,2% í lok tímabilsins.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur 234,2 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema -105,3 m.kr. og nemur handbært fé frá rekstri á tímabilinu því 128,9 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -26,2 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -111,4 m.kr. en þar af er greidd lífeyrisskuldbinding fyrir tæplega 22 m.kr. og afborganir langtímalána nema 90,9 m.kr. Handbært fé lækkar því um 8,7 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 990 m.kr. en nam 998,7 m.kr. í árslok 2016.



B-hluti

Rekstrarreikningur

Tekjur B-hluta námu samtals 225,6 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 226,4 m.kr. og voru því tekjur tæpum 797 þúsundum króna undir því er áætlað var eða -0,4%. Gjöld á sama tímabili, án afskrifta og fjármagnsliða, námu 217,5 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 217,6 m.kr. Frávik á gjöldum nam því 102,7 þúsundum króna eða -0,05%.

Rekstrarniðurstaða B-hlutans á tímabilinu nemur kr. 255.793 en áætlanir gerðu ráð fyrir 2,6 m.kr. rekstrartapi. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 1,6 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 2,3 m.kr. í rekstrarhagnað.

Framlegðarhlutfall var því 3,6% á tímabilinu en áætlanir gerðu ráð fyrir 3,9%. Annar rekstrarkostnaður var 10,3 m.kr. umfram áætlun sökum viðhalds og breytinga á rými í hjúkrunarheimilinu Höfða sem ekki hafði verið gert ráð fyrir en að sama skapi þá var þjónustu- og orkukaup rúmum 14,3 m.kr. undir áætlun.

Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins námu 560,8 m.kr. og lækka því um 6,5 m.kr. frá árslokum 2016, þar af lækkar bókfært virði fasteigna, lóða og lenda um 6,4 m.kr. Fastafjármunir í lok tímabilsins nema því samtals 560,8 m.kr. og lækka um 6,5 m.kr. frá árslokum 2016.

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema kr. 921.963 en námu 56,1 m.kr. í árslok 2016 og lækka því um 55,1 m.kr. Helsta ástæða þess er sú að óinnheimtar tekjur lækka að fullu eða um 50,1 m.kr. Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 154,1 m.kr. og hækka því um 4 m.kr. frá árslokum 2016. Bókfært virði eigna í lok tímabils nema 714,9 m.kr. og lækka því um tæpar 2,5 m.kr. frá árslokum 2016.

Veltufjárhlutfall B-hluta í lok tímabils nemur 0,9 og var einnig 0,9 í árslok 2016. Eiginfjárhlutfall B-hluta nemur 34,1% í lok tímabilsins.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur 7,8 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema 55,6 m.kr. og nemur handbært fé frá rekstri á tímabilinu því 63,4 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu eru engar. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -4,2 m.kr. Handbært fé hækkar því um 59,1 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 153,2 m.kr. en nam 94,1 m.kr. í árslok 2016.



Samstæða

Rekstrarreikningur

Tekjur samstæðu námu 1.743,4 m.kr. á tímabilinu en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 1.721,7 m.kr. og eru tekjur því rúmum 21,7 m.kr. umfram áætlanir eða sem nemur 1,3%. Munar þar mest um skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sem eru rúmum 9,6 m.kr. umfram áætlanir (1,0%) sem og aðrar tekjur sem eru 15,1 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir (3,8%).

Gjöld samstæðu, án afskrifta og fjármagnsliða, á sama tímabili námu samtals 1.586,2 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 1.537,4 m.kr. og eru gjöld tímabilsins því rúmum 48,7 m.kr. umfram áætlanir eða 3,2%. Eins og fram hefur komið hér að ofan þá má rekja þann mismun til launagjalda án lífeyrisskuldbindinga sem var 50,7 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur 5,4%. Þann lið á þó eftir að leiðrétta þar sem að áfallið orlof er ofreiknað í mörgum tilvikum. Þjónustu og orkukaup var 14,3 m.kr. undir því er áætlað var en annar rekstrarkostnaður var 10,2 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Framlegðarhlutfall (EBITDA framlegð) samstæðu er því 9,0% en gert var ráð fyrir 10,7% framlegðarhlutfalli. Þegar búið er að leiðrétta áfallið orlof tímabilsins ætti þó framlegðarhlutfall að vera nær 10%.

Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins námu 5.116,5 m.kr. og lækka því um 23,7 m.kr. frá árslokum 2016, þar af lækka fasteignir, lóðir og lendur um 50,6 m.kr. eða sem nemur -1,2% en jákvæð eignabreyting nemur 41,9 m.kr. Bókfært virði gatnakerfis lækkar um 7,7 m.kr. og vélar, áhöld og tæki um 6,2 m.kr.

Áhættufjármunir og langtímakröfur námu kr. 6.023,8 m.kr. í lok tímabilsins og hækka því um 74,1 m.kr. frá árslokum 2016. Þar munar mest um að næsta árs afborgun á eigin fyrirtæki en sú afborgun nam kr. 78,8 m.kr. í árslok 2016.

Fastafjármunir í lok tímabilsins nema því samtals 11.140,3 m.kr. og hækka um 50,4 m.kr. frá árslokum 2016.

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema 808 m.kr. en námu 723,6 m.kr. í árslok 2016 og hækka því um 84,4 m.kr. Helsta ástæða þess er sú að aðrar skammtímakröfur hækka um 213,4 m.kr. en næsta árs afborgun eigin fyrirtækja lækka um 78,8 m.kr. Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 1.952,6 m.kr. og hækka því um 134,8 m.kr. frá árslokum 2016, þarna á hinsvegar eftir að leiðrétta stöðu áfallins orlofs og því nemur raun hækkunin rúmum 9 m.kr.

Bókfært virði eigna í lok tímabils nema 13.092,9 m.kr. og hækka því um 185,2 m.kr. frá árslokum 2016.



Akraneskaupstaður

Veltufjárlutfall samstæðu í lok tímabils nemur 1,7 og er samstæðan því vel hæf til að inna af hendi allar nauðsynlegar greiðslur á næstu 12 mánuðum. Eiginfjárlutfall samstæðu nemur 54% í lok tímabilsins.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur 241,9 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema samtals -49,7 m.kr. og nemur handbært fé frá rekstri á tímabilinu því 192,2 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -26,2 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -115,6 m.kr. en þar af er greidd lífeyrisskuldbinding fyrir tæplega 22 m.kr. og afborganir langtímalána fyrir 93,6 m.kr. Handbært fé hækkar því um 50,4 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 1.143,2 m.kr. en nam 1.092,8 m.kr. í árslok 2016.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Þorgeir Hafsteinn Jónsson

Fjármálastjóri